

**79. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
20. mars 2018 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Þórður Guðjónsson formaður, Sigríður Indriðadóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir varamaður, Sigurður Arnar Sigurðsson fulltrúi skólastjórnenda, Arnbjörg Stefánsdóttir fulltrúi skólastjórnenda, Hjörðís Dögg Grímarsdóttir fulltrúi starfsmanna Grundaskóla, Stefanía Marta Katarínusdóttir fulltrúi starfsmanna Brekkubæjarskóla, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1803067 - Starfsáætlun grunnskóla 2017-2018**

Starfsáætlanir Brekkubæjarskóla og Grundaskóla fyrir skólaárið 2017 - 2018 lagðar fram til staðfestingar.

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 skulu skólastjórnendur grunnskóla gefa árlega út starfsáætlun þar sem gerð er grein fyrir árlegri starfsemi skólans.

*Skóla- og frístundaráð þakkar skólastjórum fyrir faglega vinnu við skólanámskrá/starfsáætlun skólanna.*

*Lagt er til að starfsáætlanir leik- og grunnskóla verði lagðar fram á seinni fundi í október ár hvert.*

*Skóla- og frístundaráð staðfestir starfsáætlanir skólanna.*

Arnbjörg vék af fundi 17:10.

Sigurður Arnar, Hjörðís Dögg og Stefanía Marta viku af fundi 17:20.

**2. 1803017 - Stuðningur við afreksþróttafólk**

*Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að Akraneskaupstaður stofni afrekssjóð sem ætlað er að veita framúrskarandi íþróttafólk í A stuðning þegar það skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum. Jafnframt er lagt til að stofnuð verði afreksnefnd sem hefur það hlutverk að koma með tillögu að veitingu styrksins.*

*Markmið Akraneskaupstaðar með stofnun slíks afreksstyrks er að veita framúrskarandi íþróttafólkí stuðning þegar það skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum.*

*Afreksfólk eru þeir einstaklingar sem standast viðmið í viðkomandi íþróttagrein sem skilgreind eru af viðkomandi sérsambandi og tekur mið af afreksstefnu ÍSÍ. Styrkurinn er viðleitni Akraneskaupstaðar að styðja við afreksþróttafólk í A sem hefur náð þeim einstaka árangri að keppa meðal þeirra bestu í heimi og kemur*


fram fyrir hönd í A og eru jafnframt fyrirmyn dir yngri iðkenda.  
 Í afreksnefnd eiga sæti einn fulltrúi stjórnar í A, formaður skóla- og frístundaráðs og  
 sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs (eða staðgengill hans).  
 Hlutverk afreksnefndar er að vinna í samræmi við ofangreind viðmið og starfa  
 samkvæmt starfsreglum sem samþykktar eru af skóla- og frístundaráði.  
 Afreksnefnd leggur fram tillögu um styrkþega til skóla- og frístundaráðs.

### 3. 1802061 - Starf íþróttamannvirki - forstöðumaður

Ráðning í starf forstöðumanns. Umsóknarfrestur rann út 25. febrúar sl.

Ráðningaráflið kynnt og málínu vísað til aukafundar þriðjudaginn 27. mars. kl. 16:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.


 Handwritten signatures in blue ink, likely from the members of the committee:
   
 Þórar Lív  
 Sigríður Ingrid Þórsson  
 Sigrún Inga Guðnadóttir  
 Kristinn H. Sænasson  
 Ólava Ingibjörg Grumarsdóttir  
 Fríðbjörn Sigvaldsson  
 Valgerður Jónsdóttir